



ÁLFTANESSKÓLI
– allir eru einstakir

SJÁLFSMATSSKÝRSLA

ÁLFTANESSKÓLA

NEMENDUR

2019 – 2020



Nemendur

- Hvernig er árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum?
- Eru nemendur áhugasamir með nám og sýna þeir lestri áhuga?
- Líður nemendum vel í skólanum?

Skimanir og árangur í samræmdum könnunarprófum

Með því að fylgjast vel með framförum allra nemenda gegnum próf og kannanir má grípa inn í nám nemenda áður en í óefni er komið. Þær skimanir og stöðluð próf sem stuðst er við í skólanum eru m.a.:

- lesfimiþróf
- samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk
- lesskilningsprófið Orðarún
- Logos greiningarpróf (sérkennarar)

Tilgangur samræmdra könnunarprófa er að meta hvernig markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og veita endurgjöf til nemenda, foreldra, kennara, fræðsluyfirvalda. Með þessari endurgjöf er til dæmis hægt að fá upplýsingar um þekkingu og hæfni hvers nemanda, hvort breyta þurfi áherslum í námi, hvað þurfi að bæta og almennt hver séu gæði menntunar.

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa byggjast á því að meta stöðu hvers nemanda með samanburði við jafnaldra hans á landinu öllu. Samræmd könnunarpróf eru ein af mörgum leiðum til að afla og miðla upplýsingum um árangur nemenda og gefa kost á að meta stöðu nemenda í öðru samhengi en námsmat innan skóla gerir.

Markmið

- að nemendur nái eins góðum árangri á samræmdum könnunarprófum og þeir hafa forsendur til
- að finna með skimunarprófunum þá nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð og frekari greiningu
- að skipuleggja frekara nám út frá sterkum hliðum nemenda og frá niðurstöðum skimunarprófa
- að fylgjast með framvindu náms í árgöngunum og milli árganga

Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lestrarkennsla er undirstaða almennrar menntunar. Lestur eykur orðaforða og stuðlar að betra valdi á máli en hvoru tveggja er mikilvægt í mannlegum samskiptum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Góð lestrarkunnátta og færni er öllum nauðsynleg og er forsenda lestraráhuga og þess að njóta bókmennta, til afþreyingar og skemmtunar.

Framkvæmd

Skimanir og próf eru lögð fyrir árlega og niðurstöður kynntar kennurum, sem síðan nýta þær til að skipuleggja frekara nám.

Áhersla er lögð á að kanna nemendur í 1. og 2. bekk sem eru í áhættu vegna lestrarörðugleika og vinna markvisst með þeim. Fyrir þá nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð er gerð einstaklingsnámskrá.

Leiðir að þessum markmiðum felast m.a. í fjölbreyttri kennslu og námsmati, teymiskennslu, ýmsum sérúrræðum og stuðningi við kennara. Fræðslu til foreldra í 1. bekk um lestrarnám og foreldra í 3. bekk um lesskilning.

Samræmd könnunarpróf

Deildarstjóri ásamt sérkennurum skólans unnu úr niðurstöðum samræmda könnunarprófanna. Árangur nemenda er flokkaður eftir einkunnum þ.e. hver dreifing einkunna er og út frá normaldreifðri einkun.

Normaldreifðum einkunum er skipt í þrjá flokka þ.e. lág einkunn sem er 1-22, meðal einkunn sem er 23-37 og há einkunn sem er 38-60. Niðurstöður eru settar fram í súlurítum fyrir árganginn í heild og eftir kynjum.

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa eru kynntar kennurum og sérkennurum viðkomandi árganga ásamt stjórnendum og námsráðgjafa um mánaðamótin nóvember/desember og að vori. Á þeim fundum var einnig rýnt í samhengi milli niðurstaðna Orðarúnar og samræmdra könnunarprófa og almenns námsárangurs einstakra nemenda og nemendahópa.

Mat

Í september þreyta nemendur í 4. og 7. bekk samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Í mars fóru nemendur í 9. bekk í samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku. Samræmd próf eru tekin á sama tíma á öllu landinu og eru ein leið af mörgum til að afla upplýsinga um stöðu nemenda og einnig stöðu skólans. Það er Menntamálastofnun sem vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöðurnar og hver staðan skólans er í samanburði við aðra skóla á landinu. Stjórnendur og kennarar rýna síðan þessar niðurstöður.

Viðmið Álftanesskóla eru að vera á landsmeðaltali eða yfir í öllum prófum í öllum árgöngum. Landsviðmið eru sett fram í fremstu súlunni og er miðað við að 25% nemenda fái raðeinkunn 76–99, 50% nái 25–75 og 25% nái raðeinkunn frá–24.

Samræmd könnunarpróf



Niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk haustið 2019 og 2020. Hér eru birtar normaldreifðar einkunnir þar sem 30 er meðaltal.

	Íslenska	Stærðfræði	Enska
4. bekkur haust 2019	28	29	
4. bekkur haust 2020	33	34	

Nemendum Álftanesskóla í 4. bekk gekk vel í samræmdum prófum haustið 2019 og ennþá betur haustið 2020. Þar sem nemendur í 4. bekk eru vel yfir landsmeðaltali í bæði íslensku og stærðfræði.

Hæfnieinkunnir 4. bekk haustið 2020. Hæfnieinkunnir voru birtar í fyrsta skipti hjá nemendum í 4. bekk, haustið 2020. Meirihluti nemenda í Álftanesskóla er með B (15), B+(1) og A (5) í íslensku. Þá er jafnframt meirihluti nemenda með B (11), B+ (6) og A (6) í stærðfræði.

Hæfnieinkunnir hjá 4. bekk, haustið 2020




Niðurstöður samræmdra prófa í 7. bekk haustið 2019 og 2020. Hér eru birtar normaldreifðar einkunnir þar sem 30 er meðaltal.


	Íslenska	Stærðfræði	Enska
7. bekkur haust 2019	30	31	
7. bekkur haust 2020	30	35	

Nemendum Álftanesskóla í 7. bekk á landsmeðaltali í íslensku og aðeins yfir meðaltali í stærðfræði á samræmdum prófum haustið 2019. Haustið 2020 eru nemendur í Álftanesskóla á landsmeðaltali í íslensku og vel yfir landsmeðaltali í stærðfræði.

Hæfnieinkunnir í 7. bekk haustið 2020. Hæfnieinkunnir voru birtar í fyrsta skipti hjá nemendum í 7. bekk, haustið 2020. Rúmlega helmingur nemenda í Álftanesskóla er með B (17), B+ (1) og A (5) í íslensku. Þá er meirihluti nemenda með B (13), B+ (10) og A (10) í stærðfræði.

Hæfnieinkunnir hjá 7. bekk haustið 2020







Niðurstöður samræmdra prófa í 9. bekk **vorið 2019 og 2020**. Hér eru birtar normaldreifðar einkunnir þar sem 30 er meðaltal.


	Íslenska	Stærðfræði	Enska
9. bekkur vor 2019	29	29	32
9. bekkur vor 2020	31	30	31

Nemendum Álftanesskóla í 9. bekk gekk vel í samræmdum prófum vorið 2019 þar sem þau eru rétt undir meðaltali í íslensku og stærðfræði og yfir meðaltali í ensku. Nemendur í 9. bekk vorið 2020 eru á meðaltali í stærðfræði og aðeins yfir í íslensku og ensku.

Hæfnieinkunnir í 9. bekk vorið 2020. Þá sést að rúmlega helmingur nemenda í Álftanesskóla eru með B (18), B+(3) og A (4) í íslensku. Þá er að tæplega helmingur nemenda með B (12), B+ (5) og A (2) í stærðfræði. Rúmlega helmingur nemenda með B (19), B+ (7) og A (2).

Hæfnieinkunnir hjá 9. bekk vorið 2020





Aðgerðir til umbóta

Skimanir og samræmd könnunarpróf veita nemendum, foreldrum og kennurum mikilvægar upplýsingar um stöðu nemenda. Niðurstöðum skimana og samræmdra könnunarprófa er fylgt eftir með greiningu á árangri í viðkomandi árgangi skólans. Upplýsingar eru nýttar til þess að greina skólastarfið í heild sinni og einstaka þætti þess.

Út frá niðurstöðum samræmdra prófa hefur forgangsverkefni skólans verið að styrkja lesskilning nemenda og efla lestrar- og ritunarkennslu. Áherslur hafa verið lagðar á að efla lestur og lestrarfærni nemenda. Síðustu skólaár hefur verið stefnt að markvissri kennslu og lestrarmælingum. Þá hefur Orðarún lesskilningspróf verið lagt markvisst fyrir í 3.–10. bekk. Haldið verður áfram að festa þessar aðferðir enn betur í sessi og bæta skráningar á frammistöðu nemenda. Næstu skólaár verður megináhersla á fjölbreytta kennsluhætti m.a. í stærðfræði, ritun og það er vilji til að gera enn betur í ensku.

Nemendur og líðan

Megináhersla er lögð á vellíðan og vandaða fræðslu en nauðsynlegt er að þetta fari saman, enda á hvorugt að geta verið án hins í próttmiklu grunnskólastarfi.

Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framar öðru góðan starfsanda.

Ánægður og áhugasamur einstaklingur sem tekst á við skyldur sínar af ábyrgð og festu, nær árangri í starfi sínu. Þannig er gott sjálftraust og jákvæð sjálfmynd grundvöllur sjálfstæðra vinnubragða og góðrar

samvinnu. Eins þarf hver einstaklingur að temja sér ábyrga umgengni og bera ábyrgð á sínu nánasta umhverfi og samfélagi.

Í 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 um rétt nemenda segir, að allir nemendur eigi rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi, í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Auk þess skal taka tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.

Í 10. gr. sömu laga segir að við grunnskóla skuli starfa nemendafélag sem vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum auk þess sem hann er ábyrgur fyrir stofnun þess.

Á heimasíðu skólans má finna forvarnarstefnu skólans og áætlanir sem allar eiga að stuðla að velferð nemenda og vellíðan.

Markmið skólans er að skapa þær aðstæður að öllum líði vel við starf og leik. Til þess að svo megi verða þurfa samskipti einstaklinganna að einkennast af virðingu fyrir þeim réttindum og skyldum sem hver og einn hefur. Öll umgengni á einnig að bera vott um ábyrga hegðun og tillitssemi. Forvarnarfræðsla er samofin öllu starfi skólans.

Markmið stefnu skólans um forvarnir er:

- að byggja upp sjálfstæða einstaklinga
- að hvetja til hollra lífshátta og tómstunda
- að efla samstarf skóla og félagsmiðstöðvar
- að standa að virkri upplýsingaáætlun gagnvart nemendum
- að halda fræðslufundi fyrir nemendur
- að í frímínútum nemenda sé góð gæsla á skólalóð, nemendum skólans er skipt eftir stigum til að minnka fjölda nemenda á útisvæði samtímis og nýta betur leiktæki og leikvelli.

Framkvæmd

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar viðtökur og skýrar upplýsingar. Foreldrar og nemandi eru boðaðir í skólann til kynningar áður en kennsla hefst að hausti. Deildarstjóri fylgir nemandanum og foreldrum/forráðamönnum hans um skólann og kynnir þeim húsnæðið og umsjónarkennara ef hægt er. Nemandi og foreldrar/forráðamenn fá kynningarmöppu með ýmsum upplýsingum um skólastarfið. Skólinn starfar í nánú samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvar og skóla- og félagsþjónustu Garðabæjar.

Við skólann starfar nemendafélag skv. 10 gr. laga um grunnskóla (2008). Á hverju hausti kjósa nemendur í 8., 9. og 10. bekk 6 fulltrúa í stjórn nemendafélagsins. Stjórn skiptir með sér verkum og fundar tvisvar sinnum á hvorri önn með skólastjóra og forstöðumanni Félagsmiðstöðvar. Tveir fulltrúar nemenda úr stjórn nemendafélags sitja í skólaráði.

Í hverjum námshópi eru starfandi bekkjafulltrúar úr röðum foreldra/forráðamanna, sem skipuleggja ýmsar uppákomur, s.s. bekkjakvöld, páskabingó o.fl.

Álftanesskóli leggur áherslu á hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Meginatriðið er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust. *Uppbygging sjálfsaga* leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfsstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum. *Uppbygging sjálfsaga* hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjastjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Nemendur í Álftanesskóla eru hvattir til að koma gangandi eða hjólandi í skólann.

Bekkjafundir eru haldnir í flestum árgöngum á yngsta- og miðstigi. Þeir eru vettvangur fyrir nemendur til að auka lýðsræðislega vinnu, víðsýni og sjálfsþekkingu og ræða margvísleg málefni. Lífsleiknitimar eru fastir í töflu á elsta stigi sem þeirra vettvangur til að ræða ýmis málefni.

Á hverju hausti gerir hver bekkur sinn sáttmála; fer í gegnum mitt og þitt hlutverk o.fl. aðferðir Uppbyggingar. Á skólaárinu eru þrjú uppbyggingardagar (Kærleikar) þar sem unnið er með aðferðir „Uppeldi til ábyrgðar“. Ýmsir aðrir viðburðir eru haldnir til þess að stuðla að samkennd nemenda eins og jólaskemmtanir, árshátíð, öskudagsgleði, íþróttadagar, listadagar o.fl.

Skólinn tekur þátt í „Stóru upplestrarkeppninni“ og byrja nemendur að æfa sig á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember fram að lokahátíð sem oftast er í lok mars. Álftanesskóli hefur tekið þátt í Litlu upplestrarkeppninni síðan 2012 fyrst með skólum í Hafnarfirði en síðustu ár með skólum í Garðabæ.

Skólinn hefur sett sér umhverfissáttmála. Lögð er áhersla á útikennslu og hreyfingu.

Mat

Í Skólapúlsinum, sem mælir meðaltal ýmissa þátta í skólanum eru nemendur (6.-10. bekk) spurðir m.a. um líðan. Spurningar taka mið af þessum þáttum: gleði, dapur/döpur, niðurdregin/n, reiði, áhyggjur, stress.

Líðan	Nemendur
Skólaárin	2019-2020
Skólinn	4,7
Landsmeðaltal	4,6

Í niðurstöðum kemur fram að vellíðan nemenda í Álftanesskóla er álíka og hjá jafnöldrum þeirra á landinu en meðaltal skólans er aðeins fyrir ofan landsmeðaltal 2019 – 2020. Munur er lítill milli kynja. Á síðasta skólaári (2019-2020) voru nemendur í 7. bekk fyrir neðan meðaltal (4,0), landið (4,8) en aðrir árgangar vel fyrir ofan meðaltal.

Einelti	Nemendur
Skólaárin	2019-2020
Skólinn	5,2
Landsmeðaltal	5,4

Þegar spurt er um einelti meðal nemenda kemur í ljós að meðaltal skólans er álíka og hjá öðrum nemendum á landinu, á síðasta skólaári (5,2) en landið (5,4) og það er smámunur milli kynja, stúlkur með meðaltalið (5,5) en drengir (4,8). Helsti munur kemur fram hjá 6. bekk en þar eru nemendur langt undir meðaltali, eða 4,6 og landið 5,7.

Sjálfsálit	Nemendur
Skólaárin	2019-2020.
Skólinn	4,6
Landsmeðaltal	4,5

Þá kemur fram að sjálfsálit nemenda (6.–10. bekk) er álíka og hjá jafnöldrum þeirra á landinu, meðaltal skólans á síðasta skólaári er 4,6 en landið 4,5. Þar eru nemendur í 6. bekk langt yfir meðaltali, eða 5,1 en landið er 4,5.

Samsömun	Nemendur
Skólaárin	2019-2020
Skólinn	5,1
Landsmeðaltal	5,0

Samkvæmt niðurstöðum eru nemendur Álftanesskóla (6.–10. bekkur) eins og jafningjar sínir á landinu er varðar samsömun við nemendahópinn.

Aðgerðir til umbóta

Mikilvægt er að halda áfram að efla ábyrgð, samkennd og félagsfærni nemenda með bekkjarfundum, umræðu um samskipti og skólareglur. Húsnæði skólans, búnaður og skólalóð er verið að vinna í, haustið 2020 var tekin ný bygging í notkun sem í eru m.a. matsalur nemenda, skrifstofur, fundarherbergi, vinnurými kennara, bókasafn og þá er verið að teikna nýja skólalóð. Haustið 2019 á að vera lokið að mestu leyti við viðgerð á eldri byggingu skólans og skipt um glugga í nokkrum kennslustofum í þeim hluta. Við skipulag næsta skólaárs verður hugað betur að útigæslu og að festa í sessi verkefnið *Vinaliðar*. Verkefnið miðar að fjölbreyttari leikjum í frímínútum og að koma í veg fyrir útilokun frá leikjum. Verkefnastjóri stýrir verkefninu en það er einnig á ábyrgð nemenda, vinaliða.

Stoðþjónusta – sérkennsla

Í skólanum er leitast við að haga störfum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins í samræmi við það sem fram kemur í 2. grein grunnskólalaga. Stefnt er að því að mæta hverjum nemanda út frá hans eigin forsendum.

Sérkennsla getur falið í sér breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluáðferðum miðað við skipulag námshópa á sama aldri. Sérkennsla er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans.

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt reglugerð um grunnskóla. Hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólalaga til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráði er ætlað að fjalla um mál einstakra nemenda sem hafa verið lögð fyrir ráðið. Umsjónarkennarar vísa málum skriflega til ráðsins til að leita eftir stuðningi, samvinnu eða ráðgjöf vegna vanda nemenda sinna. Í því sitja námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, fulltrúi fjölskyldusviðs Garðabæjar, fulltrúi frá Heilsugæslu Garðabæjar, deildarstjóri, deildarstjóri stoðþjónustu, aðstoðarskólalastjóri og skólalastjóri. Ráðið heldur fundi hálfsmánaðarlega.

Markmið

- að mæta mismunandi námsþörfum nemenda og að þeir fái markvissa kennslu við hæfi
- að gefa nemendum kost á rólegu umhverfi þar sem þeim gefst færi á að ræða við fullorðinn einstakling og stunda námið einstaklingslega eða í fámennum hópum
- að ýta undir vellíðan og áhuga nemenda
- að efla sjálfstraust og öryggi nemenda
- að þjálfa sjálfstæð vinnubrögð nemenda
- að auka færni nemenda í daglegum samskiptum og námstækni

Framkvæmd

Stefna skólans er að sem flestir nemendur stundi námið með jafnöldrum. Einnig er um að ræða tveggja kennara kerfi þar sem umsjónarkennari fær aðstoð annars kennara nokkra tíma á viku til stuðnings vegna ákveðinna nemenda. Hins vegar koma sumir nemendur reglulega í *Námsverið* til að fá kennslu einstaklingslega og/eða í litlum hópum.

Nemendur sem stunda nám í *Námsverinu* geta ýmist verið þar til skemmri eða lengri tíma, samtímis því að vera í sínum árgangi. Nemendur vinna námsefni árgangsins alla jafna en námsefnið er aðlagð eftir þörfum

og notast við einstaklingsáætlun þar sem við á. Kennsla getur farið fram á mismunandi stöðum allt eftir viðfangsefnum, t.d. bókasafni, verkgreinastofum o.s.frv. Kennarar í Námsveri starfa í nánu samstarfi við umsjónarkennara þeirra nemenda sem njóta þar þjónustu.

Ef þau almennu námsmarkmið, námsefni, námsaðstæður eða kennsluaðferðir sem ríkja í skólanum henta nemendum ekki fá þeir stuðning/sérkennslu í lengri eða skemmri tíma. Umsjónarkennari, sérkennari, þroskaþjálfari og fleiri meta hvort barn þurfi sérkennslu.

Nemendur búa yfir margvíslegri færni en þegar upp kemur vandi hjá einstökum nemendum eða námshópum er lögð áhersla á að vandinn sé rétt skilgreindur, greindur og úrræði valin í samræmi við niðurstöður greiningar. Lögð er áhersla á ábyrgð nemenda á eigin námi m.a. með sveigjanlegum kennsluháttum sem taka mið af mismunandi hæfni nemenda. Lögð er áhersla á að vinna með sterkar hliðar allra nemenda og styrkja þannig sjálfsmýnd og sjálfstraust þeirra allra s.s. með aðferðum „Uppeldi til ábyrgðar“, leiklist, félagsfærni og námskeiðum í sjálfstyrkingu og námsaðlögun.

Í skólanum eru árlega lagðar fyrir skimanir á stöðu nemenda, auk annars námsmats. Niðurstöður skimana eru notaðar til að meta þörf fyrir sérkennslu eða annan stuðning og gerður er samanburður á milli ára, bæði innan árgangs og milli árganga. Skimunarpróf eiga alltaf að fara fram í samráði við sérkennara og deildarstjóra sérkennslu. Greiningar- eða skimunarpróf eru lögð fyrir á skólaárinu af deildarstjóra sérkennslu, sérkennara og/eða umsjónarkennara. Markmið prófanna er fyrst og fremst að sjá stöðu hvers nemanda og bregðast fljótt við ef nemendur þurfa stuðning.

Við skólann starfar námsráðgjafi (sjá má helstu verkefni hans á heimasíðu skólans undir tenglinum Stuðningur: Námsráðgjafi).

Aðlagð námsefni og mat

Umsjónarkennari í samvinnu við sérkennara aðlagar námsefni að þörfum nemenda. Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um námstöðu barna sinna og viti að nemandinn sé með aðlagð námsefni. Einstaka nemendur þurfa stuðning í prófum, þ.e. sérútbúin próf, munnleg próf eða að nota tölvur í prófum þ.e. að sníða námsefnið og námsmátið að getu nemenda bæði hvað varðar lengd og þyngd.

Aðgerðir til úrbóta

Mikilvægt er að halda áfram að nýta vel niðurstöður skimana og kannana til þess að endurmeta kennsluna og gera áætlanir um framhaldið. Halda áfram að vinna að því að koma sem best til móts við þarfir nemenda. Skólinn þarf að nýta það kennslumagn sem hann hefur til sérkennslu eins vel og hægt er.

Nám og líðan nemenda

Samkvæmt niðurstöðum í Skólapúlsinum þá er þrautseigja nemenda í námi svipað og landsmeðaltal.

Þrautseigja í námi	Nemendur
Skólaárin	2019-2020
Skólinn	4,5
Landsmeðaltal	4,8

Nemendur svöruðu eftirfarandi fullyrðingum:

- þegar ég læri, legg ég eins hart að mér og mögulegt er
- þegar ég læri, held ég áfram jafnvel þó efnið sé erfitt
- þegar ég læri, reyni ég að gera mitt besta til að ná tókum á þeirri þekkingu og hæfni sem verið er að kenna
- þegar ég læri legg ég mig alla(n) fram

Þrautseigja er vísbending um hversu mikið nemandinn leggur sig fram og hefur verið skoðuð til að koma í veg fyrir að nemendur flosni upp úr námi.

Í Skólalárusinum er kvarði sem mælir ánægju nemenda á lestri.

Ánægja af lestri	Nemendur
Skólaárin	2019-2020
Skólinn	4,4
Landsmeðaltal	4,7

Nemendur í Álfтанesskóla eru svipaðir þegar ánægja á lestri er skoðuð. Niðurstöður sýna að það eru helst nemendur í 7. og 8. bekk og drengir sem hafa minni ánægju af lestri. Skólaárið 2019-2020 voru stúlkur með meðaltalið (4,9) en drengir (3,9). Nemendur í 7. bekk eru fyrir neðan landsmeðaltal með meðaltalið (4,0) en landið (4,9). Nemendur í 10. bekk voru aðeins yfir landsmeðaltali eða (4,4) en landið (4,2).

Nemendur svöruðu eftirfarandi fullyrðingum:

- ég les bara þegar ég verð að gera það
- lestur er eitt af uppáhaldsá hugamálum mínum
- mér finnst gaman að tala um bækur við aðra
- ég verð ánægð/ur ef ég fæ bók að gjöf
- lestur er tímasóun fyrir mig
- mér finnst gaman að fara í bókaúð eða á bókasafn

Nemendur sem hafa jákvætt viðhorf til lesturs og nemendur sem lesa mikið eru með betri lesskilning.

Síðustu skólaár hefur Álfтанesskóli unnið að því að efla lestur og lestrarfærni nemenda og unnið markvisst að því að bæta árangur nemenda í lestri og ritun. Frá hausti 2012 hafa verið haldin námskeið fyrir alla foreldra barna í 1. bekk um lestrarnám og til að upplýsa þá um væntingar skólans til þeirra. Meginmarkmiðið er að stuðla að virkari þátttöku allra foreldra í lestrarnámi barna sinna. Almenn ánægja er meðal foreldra með þennan fyrirlestur og boðið er uppá morgunfund og kvöldfund.

Áhugi nemenda í Álfтанesskóla á stærðfræði er svipaður og hjá jafnöldrum þeirra (4,6) skólaárið 2019-2020. Ekki er munur milli kynja. Árið á undan (2018–2019) var aðeins meiri áhugi á stærðfræði.

Áhugi á stærðfræði	Nemendur
Skólaárin	2019-2020
Skólinn	4,6
Landsmeðaltal	5,0

Nemendur svöruðu eftirfarandi fullyrðingum:

- ég hef gaman af því að lesa bækur og texta um tölur og útreikninga
- ég hlakka til stærðfræðitímanna
- ég sinni stærðfræðináminu vegna þess að mér finnst gaman í stærðfræði
- ég hef áhuga á því sem ég læri í stærðfræði

Þegar skoðuð er ánægja af náttúrufræði eru niðurstöður skólans svipaðar og landsmeðaltal.

Ánægja af náttúrufræði	Nemendur
Skólaárin	2019-2020
Skólinn	4,5
Landsmeðaltal	4,8

Nemendur svöruðu eftirfarandi fullyrðingum:

- mér finnst yfirleitt gaman þegar ég er að læra um náttúrufræði
- mér finnst gaman að lesa um náttúrufræði
- ég er ánægð/ur þegar ég er að leysa verkefni í náttúrufræði
- ég hef áhuga á að læra um náttúrufræði

Áhugi og ánægja af tilteknu námsefni hafa áhrif á stöðugleika í námi einstaklingsins og hve mikið hann leggur á sig við lærdóminn, óháð því hvert viðhorf hans er til skóla og lærdóms. Aukinn áhugi og ánægja af námsefninu eykur tíma sem nemandi er tilbúinn að verja í að tileinka sér efnið, námstækni sem hann beitir, frammistöðu og val.

Lítill munur er á trú nemenda Álftanesskóla á eigin vinnubrögð í námi og trú jafnaldrar þeirra. Nemendur í 6. bekk hafa mesta trú á eigin vinnubrögðum í námi eða (5,2) og landið (4,8). Nemendur í 7. bekk hafa litla trú á eigin vinnubrögðum eða (3,6) og þar er landið (4,8). Nemendur hafa svipað viðhorf til eigin námsgetu og aðrir nemendur á landinu (4,7). Þá sker 7. bekkur sig jafnframt frá öðrum nemendum (3,7) en landið (4,8). Aftur á móti eru nemendur í 6. bekk yfir landsmeðaltali (5,4) en landið (4,7). Aðrir árgangar eru svipaðir og landið.

Trú á eigin vinnubrögð í námi	Nemendur
Skólaárin	2019-2020
Skólinn	4,4
Landsmeðaltal	4,8

Með vinnubrögðum í námi er átt við kerfisbundna viðleitni nemandans til að beina hugsunum sínum, tilfinningum og gerðum með því að uppfylla eigin námsmarkmið.

Trú á eigin námsgetu	Nemendur
Skólaárin	2019-2020
Skólinn	4,7
Landsmeðaltal	4,7

Rannsóknir hafa sýnt að trú á eigin getu hefur sterk áhrif á val, dugnað, þrautseigju og viðhorf til náms.

Niðurstöður sýna að nemendur taka jafnvirkan þátt í tímum og jafnaldrar þeirra á landinu, 5,0 en landið 5,1. Munur er milli árganga þar sem 7. bekkur sker sig úr (3,9) en landið (5,1). Aftur á móti er 6. bekkur yfir landsmeðaltali (5,5) en landið (5,1) og 10. bekkur (6,0) en landið 5,2. Aðrir árgangar eru svipaðir og landið.

Virk þátttaka í tímum	Nemendur
Skólaárin	2019-2020
Skólinn	5,0
Landsmeðaltal	5,1

Þá telja nemendur að samband nemenda við kennara í Álftanesskóla sé svipað og annars staðar á landinu, (5,0) en landið (4,9). Nemendur í 7. bekk eiga ekki eins gott samband við kennara og jafnaldrar þeirra en meðalgildi þeirra er (3,8) en landið (5,0). Nemendur í 10. bekk töldu aftur á móti sig vera í góðu sambandi við kennara (5,9) en landið (4,8). Aðrir árgangar eru aðeins yfir landsmeðaltali, munurinn er á billinu 0,2–0,3.

Þegar agi í tímum er skoðaður er skólinn aðeins undir landsmeðaltali, 4,4 en landið (4,9). Mesti agi virðist vera hjá nemendum í 6. bekk (5,1) en landið (4,7). Þá kemur jafnframt munur hjá nemendum í 7. bekk (3,2) en landið (4,8). Aðrir árgangar eru svipaðir og landið

Agi í tímum	Nemendur
Skólaárin	2019-2020
Skólinn	4,4
Landsmeðaltal	4,9

Nemendur svöruðu eftirfarandi fullyrðingum:

- kennarinn þarf að bíða lengi eftir því að nemendur róist
- nemendur geta ekki unnið vel
- nemendur hlusta ekki á það sem kennarinn segir
- nemendur byrja ekki að vinna fyrr en langt er liðið á kennslustundina
- það er hávaði og óróleiki

Agi er mikilvæg forsenda fyrir virkni og árangursríkri tímastjórnun og nýtingu á kennslutímanum. Jákvæð tengsl eru milli aga í tímum og námsárangurs nemenda.

Tíðni leiðsagnarmats	Nemendur
Skólaárin	2019-2020
Skólinn	5,1
Landsmeðaltal	5,0

Er kemur að leiðsagnarmati þá er það svipað og annars staðar á landinu. Skólinn er aðeins yfir landsmeðaltali og þar er mesti munur hjá nemendum í 6. bekk (5,7), landið (5,3). Aðrir árgangar eru eins og landið.

Aðgerðir til umbóta.

Lögð verði áhersla á:

- að vinna með skipulag og fjölbreytta kennsluhætti, s.s. kennsluáðferðir, námsmat o.s.frv.
- að skoða betur agamál og finna lausnir.
- að auka væntingar skólans til námsárangurs.
- að halda áfram að efla lestur og lesskilning nemenda.

Heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Álftanesskóli býr við fjölbreytta náttúru þar sem stutt er í fjörur, fjölskrúðugt fuglalíf, tjarnir og skemmtilegt umhverfi í göngufæri og er áhersla lögð á tengsl við umhverfið í skólastarfinu. Skólastarfið fer að hluta til fram utandyra og er gert ráð fyrir því að allir nemendahópar séu að lágmarki eina kennslustund í útikennslu á viku. Áhersla er á að nemendur tileinki sér ábyrgan lífsstíl og virðingu gagnvart mönnum, dýrum og umhverfi sínu.

Markmið

Að efla ábyrgð gagnvart umhverfinu og virðingu fyrir náttúrunni. Hvetja til endurnýtingar og stuðla að heilbrigðum lífsháttum.

Álftanesskóli hefur lagt áherslu á umhverfismennt og útikennslu. Markmið Álftanesskóla er að nemendur:

- geri sér grein fyrr gildi umhverfisverndar
- tileinki sér góða umgengi við náttúruna og umhverfi sitt
- kynnist vel nánasta umhverfi sínu og láti sér annt um það
- verði meðvitaðir um það hversu mikið af rusli fellur til daglega
- taki virkan þátt í að fara vel með auðlindir og flokki úrgang til endurvinnslu og endurnýtingar

Í umhverfisnefnd Álftanesskóla sitja fulltrúar allra starfshópa í skólanum og að auki fulltrúar nemenda og foreldra.

Framkvæmd

Í öllum árgöngum er umhverfisfræðsla í einni eða annarri mynd oft samþætt öðrum verkefnum. Í skólanum er flokkaður pappír og lífrænn úrgangur er skilinn frá öðru í mótuneyti. Nemendur fara heim með nestisafganga og einnota drykkjarumbúðir. Áhersla er lögð á verkefnið "Göngum í skólann" og nemendur

eru hvattir til að koma í skólann gangandi eða hjólandi og stuðla þannig að daglegri hreyfingu og auknu umferðaröryggi í kringum skólann með vistvænum ferðamáta. Hópum voru veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í verkefninu.

Margæsadagur

Álftanesskóli hefur undanfarin ár unnið að verkefnum í tengslum við fuglinn margæs. Fuglinn á gríðland á Álftanesi sem hefur verið tryggt til frambúðar m.a. með sáttmála milli Sveitafélagsins og Umhverfisráðuneytisins en hann var undirritaður þann 17. júní 2004. Einnig var undirrituð samstarfsyfirlýsing þetta sama ár (27. maí) á milli Álftanesskóla, Náttúrufræðistofnunar og Sveitarfélagsins vegna verkefnisins Lesið í Nesið. En með því samstarfi er ætlunin að auka menntun og þekkingu og efla virðingu fyrir náttúru og umhverfi lands og hafs. En hluti af því verkefni er einmitt hinn árlegi Margæsadagur/Fugladagur sem haldinn er vor hvert í skólanum. Allir bekkir fá fræðslu um margæsina og unnið er með ýmis verkefni í tengslum við hana.

Útikennsla

Ein leið til að veita fjölbreytilega kennslu er útikennsla. Álftanesskóli leggur áherslu á útikennslu í sem flestum námsgreinum og á útiveru nemenda. Megináhersla er að þjálf nemendur í að njóta útiveru, kynna nánasta umhverfi sínu og að efla vitund þeirra og virðingu fyrir því. Nemendur læri að umgangast náttúruna, klæða sig eftir veðri og skoða sitt nánasta umhverfi. Þeir læri að bera virðingu fyrir lífverum og umhverfi þeirra, læri að þekkja dýr, plöntur og mismunandi gerðir búsvæða, læri að vera úti, læri hvernig klæðnaður hentar og hvernig eigi að meta veðrið. Þegar útikennsla er skipulögð er mikilvægt að undirbúa nemendur vel inn í kennslustofu áður en farið er út. Í útikennslu er jafnframt lögð áhersla á persónulega upplifun nemendanna og að þeim gefist tækifæri til að nota öll skilningarvitin við námið.

Umhverfisnefnd

Við skólann starfar umhverfisnefnd og er staðan metin á kennara- og starfsmannafundum. Gerð er könnun meðal starfsmanna og þá er gátlistinn einnig fylltur út. Lögð er fyrir könnun meðal starfsmanna um hvernig til hefur tekist í grænfánastarfinu og þá með áherslu á lífrænu flokkunina.

Umsjónarkennarar gegna því hlutverki að fræða nemendur sína um verkefnið og hvernig skuli bera sig að því að framfylgja því. Umhverfisnefndin heldur utan um það að kynna nýjungar fyrir starfsmönnum skólans sem svo sjá um að kynna fyrir nemendum og fræða.

Foreldrum/forráðamönnum er kynnt hin ýmsu verkefni sem verið er að vinna að, svo sem að senda börn í skólann með endurnýtanleg efni sem nýta má í listum, að vera með margnota drykkjarmál í skólanum, upplýsingar um hvað er flokkað á heimilum og foreldrar eru beðnir að hvetja börn sín til að ganga eða hjóla í skólann.

Skólinn hefur gert umhverfissáttmála og hangir hann við allar kennslustofur og víðsvegar á göngum skólans. Allir nemendur og starfsmenn skólans tóku þátt í að móta sáttmálann og svo var valið úr þeim tillögum.

Mat

Skoðun nemenda Álftanesskóla á hollu mataræði er eins og hjá jafnöldrum þeirra (4,7).

Hollt mataræði	Nemendur
Skólaárin	2019-2020
Skólinn	4,7
Landsmeðaltal	4,7

Í þessum þætti er spurt um hversu oft nemendur neyttu:

- ávaxta (t.d. epli, appelsínu, banana)
- skyndibita (t.d. hamborgara, pítsa, franskar kartöflur)
- grænmetis (t.d. gulrætur, salat, gúrka, paprika)

- gosdrykka (t.d. kók, pepsí)
- vítamíns eða fjölvítamíns

Nemendur í Álftanesskóla virðast hreyfa sig svipað (44,9%) og aðrir nemendur á landinu (45,6%). Þá eru nemendur í 7. bekk yfir landsmeðaltali þar sem 66,7% nemenda stundar hreyfingu en 56,4% jafnaldrar þeirra gera það. Aðrir árgangar eru svipaðir og aðrir nemendur á landinu.

Nemendur svöruðu eftirfarandi spurningum:

- hve oft tekur þú þátt í íþróttum og líkamspjálfun í skólanum fyrir utan leikfimitima, t.d. í frímínútum?
- hve oft stundar þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi?
- þegar þú ert ekki í skólanum eða á æfingu með íþróttafélagi, hve oft hreyfirðu þig þannig að þú mæðist verulega og svitnir?

Aðgerðir til umbóta

Þessi þáttur á að tryggja að stöðuga umhverfismenntun í skólanum. Hvað varðar heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi þá má alltaf gera betur. Áhersla næstu skólaár verða að efla leiki og samkennd nemenda í frímínútum, vinaliðar. Þá að nemendur hreyfi sig á hverjum degi og haldið verður áfram að hvetja nemendur að koma gangandi eða hjólandi í skólann.

Samantekt á helstu niðurstöðum

Nemendur 2019 og 2020

Fjallað um styrk- og veikleika Álftanesskóla út frá eftirfarandi spurningum:

- Eru nemendur áhugasamir með nám og sýna þeir lestri áhuga?
 - Hvernig er árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum?
 - Líður nemendum vel í skólanum?

Hvernig er árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum?

Árangur nemenda í 4. og 7. bekk í báðum námsgreinum var mjög góður, sérstaklega í stærðfræði. Nemendum Álftanesskóla í 9. bekk gekk í samræmdum prófum aðeins misjafnt eftir námsgreinum. Þau eru á landsmeðaltali eða aðeins yfir.

Eru nemendur áhugasamir með nám og sýna þeir lestri áhuga?

Samkvæmt könnun Skólapúlsins þá hafa nemendur trú á eigin námsgetu og þegar þrautseigja í námi er skoðuð er hún eins og landsmeðaltal. Nemendur telja sig taka jafnvirkan þátt í tímum og jafnaldrar þeirra á landinu. Þá hafa nemendur aðeins minni ánægju af lestri, stærðfræði og náttúrufræði og jafnaldrar þeirra. Nemendur hafa trú á eigin vinnubrögðum, svipað samband við kennara og aðrir nemendur en þeir telja agann vera minni í sínum skóla en aðrir nemendur á landinu.

Líður nemendum vel í skólanum?

Í könnun Skólapúlsins kemur fram að vellíðan nemenda í Álftanesskóla er álíka og hjá jafnöldrum þeirra á landinu en meðaltal skólans er aðeins yfir landsmeðaltali. Þegar þættir eins og einelti og sjálfsálit nemenda er skoðað er meðaltal skólans álíka og hjá öðrum nemendum á landinu. Reynt er að fylgjast með og styðja þá einstaklinga sem stríða við vanlíðan í skólanum og er allt starfsfólk meðvitað um þá einstaklinga sem gefa þarf sérstakan gaum að. Í þeim tilfellum skiptir gott samstarf við foreldra miklu máli. Samband nemenda við kennara í Álftanesskóla er svipaður og annars staðar á landinu.

Sterkir og veikir þættir í skólastarfinu – samantekt

Sterkir þættir

Lögð er áhersla á:

- að skólinn vinni eftir Uppeldi til ábyrgðar sem skili sér í jákvæðum skólabrag
- leiðsagnarmat
- árangur í stærðfræði á samræmdum prófum

Veikir þættir

Leggja þarf meiri áherslu á að:

- bæta árangur í stærðfræði og ensku í 9. bekk
- endurskoða skólaeign, gera þær skýrari og vinna með agamál einstaka árganga